


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.



Athugun á Stinasvæði Ósár
við Bolungarvík

Sigurður Guðjónsson

Ágúst 1984

Athugun á vatnasvæði Ósár v/Bolungarvík.

Inngangur.

Dagana 10 - 12 júlí var vatnasvæði Ósár skoðað. Vatnasvið Ósár er um 35 km² en sjálf er áin aðeins um 2 km á lengd og þar af gætir sjávarfalla á um 1,6 km. Áin rennur úr Miðdalsvatni, fremur grunnu stöðuvatni sem er um 1 km² að stærð. Í Miðdalsvatni falla síðan ár úr fjöllum í kring, þeirra helstar, Gilsá, Tröllá og Selá. (Mynd 1).

Í Tröllá rennur allstór þverá, Fossá, en hún er virkjuð að hluta, þar sem Reiðhjallavirkjun er. Allar eiga ár þessar það sameiginlegt að vera kaldar og hafa brattan farveg.

Í vatnakerfinu er bæði lax og bleikja, en að sögn heimamanna veiddust líka sjóbirtingur hér á árum áður. Auk þessa eru einnig áll og hornsíli í vatninu.

Í Miðdalsvatni er víðast hvar leirbotn en sums staðar með landinu er smágrýttur malarbotn. Stærst eru þessi svæði í austanverðu vatninu með bökkum. Á þessu svæði hefur verið sleppt sumaröldum laxaseiðum (ca 10.000 á ári) og svo var gert líka núna í ár. Tilgangur þessara athugana var að reyna að fá mat á árangur þessara sleppinga svo og að kanna ástand fiskstofnsins og möguleika til að auka fiskgengd.

Aðferðir.

Rafleiðni var mæld í Ósá, en slík mæling gefur vísbendingu um styrk næringarefna í vatninu. Netasería (40, 32, 29, 23, 19,5 og 10,0 mm möskvastærð.) var lögð í Miðdalsvatn til að kanna vaxtarhraða silungs og lax í vatninu. Einnig var rafveitt í vatninu (um 3000 m²) og í Ósá, Selá, Tröllá, Gilsá og lækjum við Miðdal og Geirastaði (um 200 m² á hverjum stað). Allir fiskarnir sem veiddust voru lengdarmældir og hluti aflans kvarnaður til að ákveða aldur. Einnig var litið í maga nokkurra fiska til að athuga fæðu.

Niðurstöður og umræða.

Rafleiðni í Ósá reyndist vera 43 MS/CM (v 25°C). Þetta er fremur lágt gildi, en eðlilegt fyrir þennan landshluta. Berggrunnur er þéttur á þessu landssvæði og eiga ár upptök sín hátt í gróðursnauðum fjöllum og renna oftast aðeins skamman veg áður en til sjávar kemur. Vatnið getur því ekki safnað í sig miklu af næringarsöltum á leið sinni. Ár sem renna um gosbelti landsins hafa hærri leiðni en þar hripar vatn um ópétt jarðlög og kemst því í snertingu við mikið yfirborð jarðvegs og safnar þar með í sig meiru af næringarefnum. Ár sem renna um og eiga upptök sín í grónu landi safna einnig í sig meira af næringarefnum og má þar nefna ár sem koma af húnvetnsku heiðunum en þar er leiðni í vatni oft um 100 MS/cm (v 25°C).

Auka má styrk næringarefna og þar með framleiðslu í ám t.d. með gerð rottjarna. Þá er lífrænum úrgangi t.d. húsdýraskít komið fyrir í skurði eða tjörn við árfarvegin og vatn látið seytla í gegn. Þannig berst stöðugt í ána næringarefni sem lífverur þar nýta. Mætti hugsa sér að koma slíkum tjörnum fyrir við árnar sem hér um ræðir.

Í net veiddist eingöngu bleikja. Bleikjan í vatninu er tvenns konar. Það er sjógengin bleikja og svo bleikja sem ekki hefur farið í sjó. Vöxtur er mun hraðari hjá bleikju í sjónum og er því sú bleikja stærri en jafngömul bleikja sem dvalið hefur í vatninu alla sína tíð. Því er lengdar- og aldursdreifing allflókin í vatninu (Mynd 2). Bleikjan gengur sennilega líka misgömul til sjávar í fyrsta skipti frá uppeldissvæðunum í ánum í vatnið og orsakar það ennþá breytilegri lengd við ákveðinn aldur. Bleikja hrygnir í flestar árnar sem renna í Miðdalsvatn og þar alast seiðin upp fyrstu árin meðan þau hafa næga fæðu, en þegar þau stækka þurfa þau meira æti og ganga þá aftur í vötnin eða alla leið til sjávar.

Þegar kynþroska er náð, koma þau aftur í árnar til að hrygna. Bleikjuseiði fundust í öllum ám sem renna í vatnið og virðist vöxtur vera svipaður alls staðar (Mynd 3).

Á nokkrum stöðum varð vart við laxaseiði (mynd 4), því er ljóst að eitthvað af laxaseiðum elst upp í þessum ám þótt kaldar séu. Aðaluppeldissvæði laxaseiða eru þó án efa í Ösá (Mynd 4). Mætti þó bæta þar uppeldissvæðin sem eru fyrstu 300-400 m árinna með því að setja grjót í ána en skortur er á skjóli fyrir eldri seiði í ánni. Til að stækka uppeldissvæðin enn frekar mætti hugsa sér að búa til skurð við hlið árinna þar sem útbúinn yrði smágrýttur botn og hægt væri að ráða vatnsrennsli.

Í Miðdalsvatni virðast einnig vera ágæt uppeldisskilyrði fyrir lax. Þó fundust þar engin seiði frá sleppingu í fyrra. Annað hvort hefur mestur hluti seiðanna gengið út í vor, sem teljast verður ólíklegt, eða þá að stór hluti þeirra hefur farist. Hugsanlegar ástæður fyrir slíku afhroði seiðanna er að vatnið hafi botnfrosið á grynningunum og þar með drepíð seiðin beint eða óbeint. Einnig getur verið að vegna óhagstæðra veðurskilyrða hafi seiðin verið ílla undirbúin fyrir veturinn hvað varðar stærð og holdafar. Til að komast að hvort seiðin komist af eða ekki og þá hvað stórt hlutfall, er ráðlegt að reyna að veiða seiði í vatninu snemma næsta vor. Þá væri hægt að ná seiðum sem gætu þá hafa náð göngustærð áður en þau ganga til sjávar. Brýnt er að taka hreistursýni af sem flestum löxum en á hreistri má stundum sjá hvort fiskurinn sé af eldisuppruna eða ekki.

Ljóst er að sleppiseiði sækja upp í árna, þó þeim sé sleppt í vatnið t.d. fannst eitt laxaseiði í Gilsá en það seiði hefur orðið að synda langan veg til að komast þangað. Einnig fannst töluvert af sleppiseiðum í læk við Miðdal þar á meðal a.m.k. 1 seiði úr sleppingu 1983 og er það eina seiðið úr þeirri sleppingu sem fannst og var það 7,5 cm að lengd. Ekki er hægt að draga neinar ályktanir um vöxt seiðanna út frá einu seiði og ekki er heldur vitað um meðallengd seiðanna við sleppingu, og svo er vaxtarhraði sjálfsagt líka annar í lækjunum en í vatninu. Seiðin sem sleppt var í ár voru að meðaltali $5,6 \pm 0,7$ cm löng (meðaltal $\pm$ staðalfrávik). (n=50).

Vöxtur laxaseiðanna er töluvert hægari í efri ánum en í Ösá, eins og við er að búast. Í Ösá virðast seiðin ná göngustærð á 3 - 4 árum sem verður að teljast gott í þessum landshluta.


Þau hreisturssýni sem borist hafa, hafa verið lesin og koma niðurstöður fram í töflu 1. Fæða, bæði laxa og bleikjuseiða var í efri ánum mest rykmýslirfur, en í Ósá voru bitmýslirfur einnig algengar. Galdrafluga (Bibió pomonae) var algeng fæða eldri seiða og bleikjunnar í vatninu, en hún át einnig hornsíli, vatnabobba og vatnaskeljar (Pisidium) auk annarra mýflugna. Galdraflugan er þó aðeins árstíðabundin fæðulind eins og aðrar mýflugur.

Ég tel rétt að leggja áherslu á að snemma næsta vor, verði athugað ástand sleppiseiðanna svo hægt sé að ganga úr skugga um hvort slíkar sleppingar borgi sig eða ekki.

Besta endurbótin á ánni er að setja grjót í Ósá til að stærri seiði fái þar athvarf. Einnig er athugandi að auka fæðu í ánum með gerð rottjarna við árnar.

Möguleiki er að auka uppeldissvæði með gerð uppeldisskurðar við hlið Ósár. Slík framkvæmd yrði að vera gerð í samráði við Veiðimálstofnun.

Hugsanlegt er að auka laxagengd enn frekar með sleppingu gönguseiða. Slíkum seiðum er komið fyrir í flotkví skömmu áður en þau fara í göngubúning og fóðruð þar til þeim er sleppt, en þá eiga þau að ganga beint til sjávar og keppa því ekki um fæðu við náttúruleg seiði í ánni. Talið er að seiðin læri að þekkja lyktina af ánni um leið og þau fara í göngubúning og er því mikilvægt að seiðin séu sett tímanlega í ána til aðlögunar. Þó skal bent hér á, að í Botni í Súgandafirði hafa orðið fremur lélegar endurheimtur úr gönguseiðasleppingum, en þar eru aðstæður líka lakari en í Ósá. Verði farið út í gönguseiðasleppingar í Ósá er rétt að merkja slík seiði til að unnt sé að meta árangur slíkra sleppinga. Þarf þá líka að bæta skráningu og eftirlit með veiði í ánni stórlega.



MYND 1. VATNAHVERFI ÓSÁR

Tafla 1.

Lestur hreistursýna úr Ósá 1984.

No	lengd cm	þyngd pund	kyn	aldur ferskvatn	sjór
1	85	13	hrygna	ólæsilegt	
2	80	10	hængur	3	2
3	80	10	hrygna	4	2
4	75	10	hængur	4	2
5	83	11	hængur	3	2


MYND 2 LENGÐAR - OG ALDURS DREIFING BLEIKJU Í MIÐDALSVATNI Í JÚLÍ 1984

SKÝRNINGAR:

□ : 3 ÁRA ▤ : 5 ÁRA ▥ : 7 ÁRA

■ : 4 ÁRA ▦ : 6 ÁRA ▧ : 9 ÁRA

Fjöldi



SKÝRINGAR:


□ : VORGAMALT

▤ : 2 ÁR

▨ : 1 ÁR

▥ : 3 ÁR

▧ : 4 ÁR




MYND 3

LENGDAR - OG ALDURSDREIFING RAFVEIÐORA

BLEIKJUSEIDA Í VATNASVIÐI ÓSÁR Í

JÚLÍ 1984



MYND 4

LENGDAR- OG ALDURSÐREIFING RÆFVEIÐRA
LAXASEIÐA Í VATNASVIÐI ÓSÁR Í
JÚLÍ 1984